

Miðvikudaginn 27. apríl 1977.

Nr. 180/1976. **Ákærvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

**Kristni Marinó Gunnarssyni og
Ólafi Finni Böðvarssyni**

(Kristján Eiríksson hrl.).

Þjófnaður. Hilming. Fjárdráttur. Almenn hegningarlög, 57. gr. a. Skilorð. Skaðabætur. Kyrrsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Ákærðu eru sekir um brot þau, sem þeir eru sakfelldir fyrir í héraðsdómi, og ákærði Kristinn Marinó er réttilega sýknaður af ákæruatriðum þeim, er greinir í B, II, 6 b í dómnum. Eru brotin talin varða við viðeigandi refsíakvæði, en heimilt er að færa háttsemi ákærða Kristins Marinós, þá er getur í B, II, 6 a og 7 í héraðsdómi, til 254. gr. almennra hegningarlaga, þótt það refsímæli sé eigi greint í ákærskjali, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Þjófnaðarbrot þau, sem ákærðu frömdu í sameiningu, þar á meðal þjófnaður á hrossum, svo og þjófnaður ákærða Kristins Marinós á hrossum, þar sem hann var einn að verki, varða við 2. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða Kristins Marinós ber að ákveða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga og með sérstakri hliðsjón af sakarferli hans og því, að telja verður hann forgöngumann að brotum þeim, er þeir ákærði Ólafur Finnur frömdu í sameiningu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 24 mánuðir.

Ákærði Ólafur Finnur var 19 ára, er hann hóf brotastarfsemi þá, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, en hann

var 20 ára, er henni lauk. Ákærði Ólafur Finnur hefur eigi sætt refsingu fyrr.

Rétt er að láta ákærða njóta þeirra refsikosta, sem 57. gr. a almennra hegningarlaga (9. gr. laga nr. 101/1976) lögfestir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en þeir eru ákærða léttbærari en orðið hefðu eftir refsilögum þeim, sem í gildi voru, er hann framdi brot sín. Með vísan til þessa og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutunum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögn dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um skyldu ákærðu til greiðslu skaðabóta, en héraðsdómari vísaði nokkrum skaðabótakröfum frá dómi að ófyrirsynju.

Ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærðu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Kyrrsetning sú, er greinir í héraðsdómi, var gerð í skjóli 144. gr. laga nr. 74/1974. Samkv. 3. tl. 1. málsg. þeirrar greinar þarf ekki að höfða mál „til réttlætningar kyrrsetningu“, er svo stendur á. Ber þegar af þeirri ástæðu að fella úr gildi ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar þessarar.

Dæma ber ákærðu óskipt til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, og saksóknararlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristinn Marinó Gunnarsson, sæti fangelsi 24 mánuði.

Ákærði, Ólafur Finnur Böðvarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Þá sæti hann enn fremur fangelsi í 9 mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögn dóms þessa, verði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 haldið.

Ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærðu, greiðslu skaðabóta og sakarkostnað eiga að vera órösk-uð.

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar-gerðar er úr gildi fellt.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakar-innar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæsta-réttarlögmanns, 50.000 krónur, og saksóknarlaun í rík-issjóð, 50.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 23. desember 1975.

Árið 1975, þriðjudaginn 23. desember, var á dómþingi saka-dóms Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu dómsins að Strand-götu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 697-698/1975: Ákærvaldið gegn Kristni Marinó Gunnarssyni og Ólafi Finni Böðvarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er af ákæru-valdsins hálfu höfðað gegn Kristni Marinó Gunnarssyni bifreiðar-stjóra, Írabakka 12, Reykjavík, og Ólafi Finni Böðvarssyni bif-reiðarstjóra, Saurbæ, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, fyrir eftir-greind þjófnaðarbrot, framin af ákærðu í félagi á árinu 1974, nema annars sé getið:

1. Hin 10. október 1974 farið að sumarbústað í Miðfellslandi í Þingvallasveit, sem Sigurður Bergsson, Írabakka 10, Reykja-vík, á þar í byggingu, og stolið þar 15 plötum af vatnsheld-um krossviði að verðmæti um kr. 39.000.
2. Um svipað leyti og áður greinir stolið úr sendiferðabifreið, sem stóð á bílastæði Vélverks h/f við Bíldshöfða í Reykjavík, einum kassa, sem innihélt sex krukkur af „Nescafé“, og enn fremur úr vinnuvél, sem stóð þar nærri, startara, enn fremur úr skófluvagni, sem stóð á athafnasvæði Sverris Runólfsson-ar á Kjalarnesi, tveimur rafgeymum, startara og gírkassa úr Moschwitich bifreið, sem stóð við Hvassahraun í Hafnarfirði,

startara úr dráttarvél, sem stóð við Vífilsstaði, olíudælu úr Bedford bifreið, sem stóð hjá húsi Sjófangs h/f á Grandagarði í Reykjavík, rafgeymi úr Massey-Ferguson dráttarvél, sem stóð við Smiðjuveg í Kópavogi, og varadekki úr sendiferðabifreið, sem stóð þar nærri, startara úr Deutch vinnuvél og startköplum og hátalara úr grjótlutningabifreið, sem báðar stóðu á athafnasvæði Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi, olíudælu úr vélskóflu, sem stóð við verkstæði Jóns V. Jónssonar í Hafnarfirði, startara úr Bedford vörubifreið, sem stóð á athafnasvæði B. M. Vallá á Ártúnshöfða, 108 lítrum af hráolíu af tanki við Steypustöðina h/f á Kjalarnesi og enn fremur skrufstykki úr vinnuskúr þar í nánd, um 60 lítrum af hráolíu af tanki á athafnasvæði Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi og frá Gunnari Guðmundssyni, föður Kristins Marinós, hjólbarða undan Mercedes Benz vörubifreið, einum hnakki og tveimur fólksbifreiðadekkjum.

3. Ákærða Kristni Marinó er einum gefið að sök að hafa síðla sumars 1974 stolið þremur hnökkum úr hesthúsi, sem stendur ofan við Fífuhvamsveg í Kópavogi.
4. Ákærða Kristni Marinó er einum gefið að sök að hafa um mánaðamótin nóvember og desember 1973, þá er hann var á leið úr Borgarfirði til Reykjavíkur á bifreið sinni, R 17290, sem er sendiferðabifreið, stöðvað rétt ofan við Útskálahamar við Kiðafell í Kjós, stolið þar tveimur hestum, öðrum 8 vetra og hinum 3 vetra, og flutt þá með sér til Reykjavíkur, þar sem hann slátraði hestunum og seldi síðan kjötið af þeim. Eigandi hestanna var Hjalti Sigurbjörnsson bóndi, Kiðafelli í Kjós.
5. Ákærða Kristni Marinó er gefið að sök að hafa einhvern tíma vorið 1974 tekið að sér að flytja tvo hesta fyrir Stefán Jónsson bónda, Þjóðólshaga, Rangárvallasýslu, að Ingólfs-hvoli í Grímsnesi, en þess í stað flutt hestana til Reykjavíkur og selt þá síðan, annan til Hreiðars Júlíussonar, Bræðraborg, Garði, á kr. 40.000 og hinn til Jóns Konráðssonar bónda, Skeggjastöðum, Húnavatnssýslu, fyrir kr. 35.000, og hagnýtt sér andvirði þeirra.
6. Báðum ákærðu er svo gefið að sök að hafa um mánaðamótin október og nóvember 1974 sammælst um að stela hestum, sem gengu á heiðinni fyrir ofan Geitháls, þangað sem þeir lögðu svo leið sína á bifreið Ólafs Finns, G 8691, og handsamað þar tvö trippi, sem þeir fluttu svo í hesthús í Hafnar-

firði, þar sem þeir slátruðu trippunum og seldu síðan kjötið af þeim. Trippi þessi átti Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík.

7. Báðum ákærðu er svo gefið að sök að hafa mánudagskvöldið 6. nóvember 1974 stolið tveimur hestum, sem voru í haga-göngu á Vatnsendahæð, steingrárri hryssu, veturgamalli, og jarpstjörnóttum hesti, tveggja vetra, báðum úr eigu Péturs Sveinssonar, Snælandi, Kópavogi, sem þeir létu á bifreið Kristins Marinós og óku svo með áleiðis norður í land, en stöðvuðu við Hvítanes í Kjós, þar sem ákærðu stálu úr girðingu leirljósum hesti, þriggja vetra, úr eigu Ólafs Ingimundarsonar, Fögrubrekku 4, Kópavogi. Ákærðu héldu svo sem leið liggur til Hvammstanga, þar sem þeir seldu alla hestana til slátrunar á samtals kr. 45.000.

Atferli ákærðu, sem að framan er rakið, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi ákærða Kristins Marinós, sem lýst er í 5. lið hér að framan, telst til vara varða við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru sakhæfir.

Ákærði Kristinn Marinó er fæddur 23. ágúst 1934 á Akureyri og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1949 29/12 Reykjavík: Áminning fyrir akstur án réttinda.
 1950 30/11 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
 1951 9/3 Reykjavík: Sátt, 200 kr. fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. lögreglusamþykktar.
 1951 8/5 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Fallið frá saksókn, skilorðsbundið til 18 ára aldurs. Háður eftirliti barnaverndarnefndar til 18 ára aldurs.
 1952 14/3 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi og sviptur ökuleyfi í 2 ár, fyrir brot á 244. og 254. gr. hegningarlaga.
 1955 22/2 Reykjavík: Dómur: Fangelsi 3 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 244., 248. og 259 gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
 1956 9/11 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi, sviptur kosninga-

- rétti og kjörgengi og ævilangt rétti til ökuleyfis, fyrir brot á 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1959 23/1 Reykjavík: Dómur: Varðhald 20 daga, sviptur ökuleyfisheimild ævilangt, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1960 15/1 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.
- 1961 14/3 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 21/9 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir iðnlagabrot.
- 1964 29/4 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1965 10/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1965 10/2 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1966 9/3 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.
- 1968 20/3 Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1968. Staðfest í Hæstarétti þann 13/1 1969.
- 1971 15/7 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1974 2/9 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson er fæddur 27. september 1954 að Saurbæ, Kjalarnesi, og hefur hvorki sætt refsingum né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

A. Ákærði Kristinn Marinó einn.

I. Taka á tveimur hestum við Kiðafell í Kjós.

Veturinn 1973—1974 var Hjalti Sigurbjörnsson, bóndi að Kiðafelli í Kjós, með hesta sína og annarra í girðingu við Útskálahamra þar hjá.

Einhvern tíma um veturinn, að því er hann taldi líklegast í byrjun febrúar, hurfu tvö hross úr girðingunni. Annar hesturinn var brúnstjörnöttur, 8 vetra, ómarkaður og ójárnaður og með ör á hægri augnloki. Hinn var brún hryssa, 3 vetra, ómörkuð og ójárnuð, ótamin og líklega fylfull. Hafði hlið á girðingunni opnast og hrossin komist þar út. Bóndinn leitaði mikið að hrossunum, en án árangurs.

Pennan sama vetur var ákærði á ferð á sendiferðabifreið sinni, R 17290, og var að koma úr Borgarfirði á tómri bifreiðinni og ætlaði til Reykjavíkur. Hann taldi þetta hafa verið um mánaðamótin nóv.-des. 1973. Rétt ofan við Útskálahamar við Kiðafell í Kjós sprakk hjólbarði undir bifreið hans. Er hann hafði skipt um hjólbarða, kom honum í hug að taka tvo hesta, sem stóðu við vegjaðarinn þarna rétt hjá. Kvað hann annan hestinn hafa verið brúnstjörnóttan, 7—8 vetra, en hinn hafa verið dökka 3—4 vetra meri. Bæði hrossin hafi verið ójárnuð og gæf. Brá hann dráttartaug bifreiðarinnar um háls hrossanna og teymdi þau svo upp í bifreiðina. Fór hann með hestana í hesthús, sem hann hafði með Jónasi Vigfússyni, Hvammsgerði 12, Reykjavík, í Víðidal í Reykjavík. Geymdi hann hestana þarna um nóttina, en daginn eftir fékk hann Lýð Kristin Jónsson, Heiðahvammi við Suðurlandsveg, til að aðstoða sig við að slátra hrossunum. Var í fyrstu ætlunin að slátra þeim í hesthúsinu, en þar eð Lýði líkuðu ekki aðstæður þar, var farið að trönustæði skammt frá heimili hans, og skaut hann hrossin með ríffli, sem hann hafði fengið léðan hjá Þorvaldi Stefánssyni, Þórufelli 20, Reykjavík, sem var og ásamt syni ákærða viðstaddur slátrunina. Ekki er upplýst, að þeim hafi verið kunnugt, hvernig ákærði var að hestunum kominn, og kvað Lýður ákærða hafa sagt, að hann hefði fengið þá hjá manni uppi í Kjós. Lýð og Þorvaldi bar saman, að þetta hefði skeð árið 1973. Eftir slátrunina var húðin flegin af hrossunum og kjötið brytjað niður, en innnyflum og hausum ekið og hent á öskuhaugana í Hafnarfirði. Ákærði seldi húðirnar, en Lýður aðstoðaði hann við að selja kjötið. Ók ákærði með það til ýmissa kunningja Lýðs, sem keyptu það. Ber þeim saman um, að þeir hafi fengið um kr. 40.000 fyrir kjötið, og fékk Lýður af því kr. 7-8.000 fyrir slátrunina og söluna á kjötinu.

Brúnu hryssuna átti Hjalti Sigurbjörnsson, en brúnstjörnóttan hestinn átti Garðar Ólafsson, Barðaströnd 18, Seltjarnarnesi.

II. Flutningur tveggja hrossa frá Þjóðólfshaga í Rangárvallasýslu og óleyfileg sala þeirra.

Fyrir tilstilli Lýðs Jónssonar, sem nefndur er hér að framan, hittir ákærði Stefán Jónsson, bónda að Þjóðólfshaga, Rangárvallasýslu, og talast þeir nokkrum sinnum við veturinn 1973—1974, er Stefán var á ferð í Reykjavík. Falaði ákærði hest hjá Stefáni, og talaðist svo til milli þeirra, að ákærði kæmi austur að Þjóðólfshaga til að ganga frá kaupunum. Um vorið kom svo

ákærði að Þjóðólfshaga á sendiferðabifreið sinni, og var þá gengið frá kaupum á 4 vetra fola, sem Stefán átti og afhenti ákærða, en hann samþykkti víxil fyrir kaupverðinu. Hjá Stefáni voru þá tveir hestar í hagagöngu, sem Kjartan Hannesson, Ingólfshvoli í Ölfusi, átti. Nokkru áður hafði Kjartan haft samband við Stefán og tjáð honum, að hann þyrfti að fara að fá hestana til tamningar. Þar eð ákærði var á leið til Reykjavíkur og fór fram hjá Ingólfshvoli, taldi Stefán upplagt að senda hestana með bifreið ákærða, og kvað hann ákærða hafa boðist til að taka þá og hafi komið fram hjá ákærða, að hann þekkti Kjartan vel. Kvaðst Stefán hafa lagt fyrir ákærða að fara heim í hlað á Ingólfshvoli og afhenda Kjartani þá þar sjálfum og hafi ákærði lofað því. Ákærði tók hestana í bifreið sína og ók með þá áleiðis að Ingólfshvoli, en í stað þess að fara með þá þangað, ók hann með þá til Reykjavíkur að hesthúsi, sem hann hafði í Víðidalnum. Síðar seldi hann báða hestana. Annan seldi hann Hreiðari Júlíussyni, Garði, Gerðahreppi, fyrir kr. 40.000, en hinn seldi hann Jóni Konráðssyni, Skeggiastöðum, Húnavatnssýslu, fyrir kr. 35.000, og gekk það, sem fyrir þá fékkst, til hans sjálfs. Hann kvaðst hafa sagt Stefáni síðar, að hann hefði látið hestana við veginn í Grímsnesinu, en Stefán kvað hann hafa sagt sér, að hann hefði ætlað að sleppa þeim inn í túngirðingu hjá Kjartani, en hann hefði ekki ráðið við hestana og þeir sloppið og hann ekki náð þeim aftur. en séð þá síðar á Hellisheiði. Stefán kvaðst svo ekki hafa hitt Kjartan fyrr en um haustið og ekki heyrt í honum og því reiknað með, að hann hefði fengið hestana.

III. Hnakkapjófnaður.

Um verslunarmannahelgina 2.—6. ágúst 1974 var brotist inn í hesthús reiðskóla Gusts í Smárahvammslandi í Kópavogi og teknir þaðan úr reiðtygjageymslu 3 hnakkar, sem hingu inni á suðurvegg hússins. Þetta voru spaðahnakkar með gjörðum, ístöðum og reiða og tilheyrðu Gusti. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið þrjá hnakka úr hesthúsi ofan við Fífuhvamsveg í Kópavogi síðla sumars 1974. Þetta hafi verið að kvöldi til í myrkri. Hann hafði farið þangað í bifreið með Gísla Magnússyni, Yrsufelli 13, og Guðm. Jónssyni, Írabakka 10, Reykjavík.

Ákærði kvaðst hafa verið einn við að taka hnakkana. Hann kvað húsið hafa verið krækt aftur með nagla, en ekki vissi hann, hver átti það. Ákærði kom tveim hnakkanna til geymslu að

Kárastöðum í Húnavatnssýslu, en einn þeirra seldi hann fyrir kr. 12.000 Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík. Guðjón, sem er bifvélavirki, er starfsmaður á verkstæði Olíufélagsins Esso á Gelgjutanga. Hafði hann og ákærði áður unnið saman á bifreiðaverkstæði. Hafði ákærði komið til hans um mánaðamótin júní-júlí 1974 og vantaði þá girhjól í bifreið sína, sem Guðjón gat útvegað honum. Kom þá fram í samtölum þeirra, að ákærði var mikið í hestaflutningum o. fl. í sambandi við hestamennsku, og tjáði Guðjón honum þá, að hann vantaði hnakk, og bað hann að láta sig vita, ef hann vissi af hnakki til sölu. Hann kom svo hálfum eða heilum mánuði síðar og bauð Guðjóni til kaups hnakk, sem hann kvað ónefndan mann eiga, og af kaupunum varð, svo sem rakið er hér að framan. Öllum hnökkunum var síðar skilað til reiðskóla Gusts, og kannaðist forstöðukona skólans við þá.

B. Ákærðu Kristinn Marinó og Ólafur Finnur.

I. Krossviðarþjófnaður.

Föstudaginn 11. okt. 1974 kom Sigurður Bergsson, Írabakka 10 í Reykjavík, að sumarbústað, sem hann átti í smíðum í landi Miðfells í Þingvallasveit. Hafði hann reist grindina að húsinu og víðað að sér 15 plötum af vatnsheldum krossviði, sem hann hafði geymt inni í grindinni og gengið vel frá þeim. Hann sá nú, að plöturnar voru horfnar, en hafði síðast komið þarna sunnudaginn áður, og voru plöturnar þá á sínum stað. Voru plöturnar af stærðinni 120 x 260 sm og 6.6 mm þykkar og höfðu kostað alls kr. 32.994, er þær voru keyptar, en kostuðu nú um kr. 39.000. Ákærði, sem býr í sama húsi og Sigurður, hafði nokkru áður flutt plöturnar fyrir hann að sumarbústaðarbyggingunni.

Að kvöldi fimmtudagsins 10. október 1974 hafði ákærði fengið meðákærða til að fara austur að sumarbústaðarbyggingunni til að stela krossviðarplötunum. Var ákveðið að fara í bifreið meðákærða, þar eð ákærði hafði farið með krossviðinn austur á bifreið sinni. Meðákærði ók sendiferðabifreið sinni, G 8691, að sumarbústaðarbyggingunni. Tóku þeir þarna í bifreiðina allar plöturnar, 15 að tölu, og ók meðákærði með þær heim til sín að Saurbæ, þar sem þeir geymdu þær fyrst í gömlum bíl, en síðar kom ákærði þangað og fékk 9 eða 10 plötur, sem hann seldi sendiferðabilstjóra í Kópavogi á kr. 1.200 plötuna, en meðákærði notaði hinar til að klæða innan með sendiferðabifreið sína.

II. Þjófnaður á ýmsum hlutum úr bifreiðum og vinnuvélum svo og á fleiri hlutum á eftirgreindum stöðum.

1. *Hvassahraun.*

Fimmtudaginn 18. júlí 1974 tilkynnti Kornelíus Jónsson, úrsmiður og bóndi í Hvassahrauni, að nýlega hefði verið farið inn í bragga hans þar og stolið þaðan girnkassa úr Moskwitch bifreið og startara úr dráttarvél. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa farið saman suður í Hvassahraun og þar inn í bragga. Spenntu þeir upp hurð hans til að komast inn. Tóku þeir startara úr dráttarvél, sem var þarna inni og girnkassa úr Moskwitch bifreið, sem var þar laus. Var ætlunin að nota startarann í bifreið ákærða, en hann passaði ekki, og var honum og girnkassanum komið fyrir til geymslu í skúr föður ákærða.

2. *Vífilsstaðir.*

Föstudaginn 6. september 1974 tilkynnti Yngvi Viktorsson, Vífilsstöðum, Garðahreppi, að aðfaranótt þriðjudagsins eða miðvikudagsins á undan hefði verið stolið startara úr dráttarvél Maach-Farmal, sem staðið hafi við gripahús staðarins. Enn fremur hefði verið tekið allt tilheyrandi startaranum. Taldi hann þetta allt að verðmæti kr. 25.000. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa farið saman að Vífilsstöðum og tekið þar úr dráttarvél startara. Hafði meðákærði Ólafur skrúfað startarann úr, en ákærði staðið á verði á meðan. Startarann settu þeir í bifreið ákærða.

Á tímabilinu sept.-6. nóv. 1974 voru ákærðu saman í að fremja eftirtalda þjófnaði.

3. *Örfirisey — Hafnarfjörður.*

Að kvöldlagi fóru ákærðu saman út í Örfirisey á bifreið með ákærða. Þar við saltfiskverkunarhús Sjófangs h/f stóð Bedford vörubifreið. Úr bifreið þessari tóku ákærðu oliudælu, sem ákærði skrúfaði úr með lykli, sem meðákærði lánaði honum, en um leið fylgdist hann með í bifreið sinni, þ. e. stóð vörð um staðinn. Farið var svo með dæluna af staðnum í bifreið meðákærða, og var haldið til Hafnarfjarðar, þar sem þeir tóku oliudælu úr vélskóflu, sem stóð utan við verkstæði Jóns V. Jónssonar við Dalshraun í Hafnarfirði. Dæurnar átti að nota í bifreið ákærða, og var önnur sett í hana, en hann kvað þær hafa verið lélegar og hann síðar kastað þeim.

4. *Bíldshöfði.*

Kvöld eitt um svipað leyti komu ákærðu að bílastæði Vélverks h/f við Bíldshöfða og tóku þar úr sendiferðabifreið, sem var ólæst, einn kassa með sex krukkum „Nescafé“, sem meðákærði fékk til ráðstöfunar, og kvaðst hann hafa gefið fjórar þeirra, en kastað tveimur. Þá tóku ákærðu úr vinnuvél, sem þarna var á stæðinu, startara, sem ákærði fékk til afnota og geymdi í bílskúr föður síns.

5. *Smiðjuvegur, Kópavogi.*

Eina nóttina komu þeir að nýbyggingu við Smiðjuveg í Kópavogi. Þar við götuna var Massey-Ferguson dráttarvél, og tóku þeir úr henni rafgeymi. Meðákærði losaði hann, en ákærði bar hann svo út í bifreið meðákærða, sem þeir voru á. Neðar við götuna var sendiferðabifreið, og tóku þeir úr henni varadekk. Rafgeymirinn var settur í bifreið ákærða og varadekkið, sem var á felgu, undir hana.

6. *Athafnasvæði Sverris Runólfssonar við
við Tíðaskarð á Kjálarnesi.*

a) Meðákærði fór eitt kvöldið í lok október kl. 2300—2400, er myrkt var, að skófluvagni af svonefndri „Scraper“ gerð, sem geymdur var við vegarkafila, sem Sverrir Runólfsson var að leggja skammt frá heimili meðákærða. Mannlaust var á staðnum, er hann kom þangað, og tók hann þar úr skófluvagninum tvo Tudor rafgeyma, sem hann fór með heim. Hann kvað ákærða hafa verið búinn að biðja hann að útvega rafgeyma og hann merkt það svo, að hann ætti að stela þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa lagt á ráðin um að taka geymana. Ákærði fékk geymana frá meðákærða og notaði annan í sendiferðabifreið, R 17290, en hinn í svonefndan Kjörbúðarvagn Kaupfélags Hafnfirðinga, sem hann átti, og hafði hann afnot af geymunum, þó að hann vissi, að þeir væru stólnir. Skófluvagninn var í eigu Vegagerðar ríkisins, og voru geymarnir taldir að verðmæti kr. 14.840.

b) Föstudagskvöldið 1. nóvember fór meðákærði aftur að greindu athafnasvæði og tók nú úr *Deutz* vinnuvél, sem Sverrir Runólfsson átti, startara, en svo fór hann í grjóttflutningsbíla frá Þórisósi h/f þar skammt frá og tók úr þeim startkapal og hátalara, og fór hann með hluti þessa heim til sín og ætlaði síðar til eigin nota.

c) Ákærðu fóru um svipað leyti saman að þessu athafnasvæði

og tóku þá 60 lítra af olíu af svokölluðum oliukálfi, sem var þarna og í eigu Jarðýtunnar s/f. Dældu þeir olíunni á þrjá 20 lítra brúsa, sem þeir svo báru að bifreiðum sínum um 200 metra leið, og var yfir skurð að fara. Olíuna notuðu þeir á bifreiðarnar.

7. Athafnasvæði B. M. Vallá, Ártúnshöfða 108.

Í byrjun nóvember fór meðákærði að athafnasvæði B. M. Vallá og tók þar úr Bedford vörubifreið startara, sem hann hafði með sér af staðnum og fékk ákærða til afnota. Ákærðu fóru og saman nokkru síðar og tóku fleiri hluti úr bílnum. Ákærða var því ljóst, að startarinn var þjófstolinn.

8. Athafnasvæði Steypustöðvarinnar h/f, Kjalarnesi.

Í byrjun nóvember fóru ákærðu saman á bifreið meðákærða upp í gryfjur Steypustöðvarinnar h/f nokkru ofan við Verslunina Esju á Kjalarnesi í því skyni að stela þar því, sem þar væri nýtilegt. Úr olíutank, sem þar var, tóku þeir 108 lítra af olíu, sem þeir settu á bifreið meðákærða, og tvo brúsa. Þeir brutust svo inn í kaffiskúr þarna og losuðu þar af borði skrufstykki, sem þeir höfðu með sér af staðnum.

9. Föðurhús ákærða.

Tvívegis þetta haust tóku ákærðu ófrjálsri hendi fjármuni frá föður ákærða, Gunnari Guðmundssyni, Sjávarhólum, Kjalarnesi. Í fyrra skiptið tóku þeir tvo hjólbarða undan Mercedes-Benz vörubifreið, sem hann átti. Hjólbarðana kváðu þeir hafa verið lélega eða ónýta, og þeir fleygt þeim, en felgurnar voru heilar, og hentu þeir þeim. Í síðara skiptið, nokkru síðar, fóru þeir inn í bílskúr Gunnars við Álfhólsveg í Kópavogi og tóku þaðan hnakk, sem hékk á hurð í skúrnum, og tvo hjólbarða, sem voru þar fyrir neðan. Hnakkinn seldu þeir fyrrgreindum Guðjóni Jónssyni fyrir kr. 3.000, og hjólbarðana seldu þeir á Hjólbarðaverkstæðið Múla við Suðurlandsbraut og fengu kr. 1.000 fyrir hvorn og skiptu andvirðinu á milli sín.

III. Taka tveggja hesta ofan við Geitháls.

Fimmtudaginn 30. október 1974 voru ákærðu saman og mun ákærði hafa borið fram þá uppástungu, að þeir tækju hesta til slátrunar og sölu, sem væru víða á heiðinni ofan við Geitháls. Meðákærði var í fyrstu hræddur við þetta, en féllst á þetta, og komu þeir sér saman um að fara á bifreið meðákærða þangað

uppeftir í þessu skyni. Er þeir komu að reykhúsi, sem var við Geitháls, sáu þeir þrjá hesta þar utan girðingar, einn fullorðinn og tvö trippi. Ákærðu kváðu trippin hafa verið dökkjörp eða rauðjörp. Ákærði reyndi að ná hestunum. Kom þá þar að 12—13 ára piltur, og sagði ákærði honum, að hann ætti trippin, og aðstoðaði hann þá við að ná þeim. Náðu þeir öðru, meðan meðákærði var að gera bifreið sína tilbúna, en meðákærði hjálpaði og við að ná hinu, og þeir settu þau bæði í bifreið hans. Þeir ætluðu og að ná þriðja hestinum, sem var stór bleikur hestur, en það tókst ekki. Þeir fóru með hestana í hesthús, sem ákærði hafði með Jónasi Vigfússyni ofan við kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Meðákærði ók svo heim til sín og stal þar kindabyssu, sem faðir hans átti, og hélt svo með ákærða aftur að fyrrgreindu hesthúsi. Hann skaut svo báða hestana, og hjálpuðust ákærðu svo við að flá þá og hluta kjötið í sundur. Kjötið seldu þeir svo ýmsum aðiljum og fengu samtals kr. 40.000 fyrir og komu kr. 9.000 í hlut meðákærða, en hitt gekk til ákærða, sem eyddi því í áfengi og ýmislegt í sambandi við drykkjuskap. Húðunum, hausunum og innvolsinu hentu þeir út í fjöru á Seltjarnarnesi. Hesta þessa, sem voru veturgömul trippi, annað rautt, en hitt jarpt, og mörkuð, átti Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík, og hafði hann geymt þau við Lækjarbotna í Kópavogi.

IV. *Taka tveggja hesta á Vatnsendahæð og eins hests við Hvítanes í Kjós.*

Eftirmiðdag fimmtudagsins 7. nóvember 1974 komu ákærðu á bifreiðinni R 17290 til Hvammstanga. Héldu þeir að sláturhúsi Sigurðar Pálmasonar og buðu þar Karli Sigurgeirssyni, framkvæmdastjóra verslunar Sigurðar Pálmasonar, til kaups þrjá hesta, sem þeir voru með og kváðu vera 4—6 vetra. Þeir sögðust hafa verið að koma norðan úr landi og ætla aftur norður. Í ljós kom svo, að þeir fóru suður, og er hestarnir voru skoðaðir af vönnum mönnum, reyndust þeir vera 3ja vetra. Atferli þeirra þótti allgrunsamlegt. Voru þeir kallaðir fyrir rannsóknarlögreglu og látnir gera grein fyrir, hvar þeir hefðu fengið hestana. Sagðist meðákærði hafa átt hestana, keypt þá á hestamannamóti að Vindheimamelum í Skagafirði og geymt þá þar í girðingu nokkuð frá Vindheimamelum. Þar kváðust þeir svo hafa tekið þá, 4—5 mínútna akstur frá Varmahlíð, til hægri á norðurleið (sic), og ákærði svo ekið þeim á bifreið sinni að Hvammstanga. Við frekari könnun kom í ljós, að bændur á næstu bæjum við girðingu

þá, sem hrossin áttu að vera í, töldu það fjarri sanni, að það hafi verið tekin hross að kvöldi miðvikudags eða aðfaranótt fimmtudags 7. nóvember af þeim stað.

Um svipað leyti, eða helgina á eftir, var Þórður Guðnason, bóndi að Hvítanesi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, staddur með tveim öðrum mönnum norður í landi og hafði farið m. a. út í Hindisvík, þar sem hann festi kaup á 6 folöldum. Hann hafði frétt um, að komið hefði verið með þrjú hross til sláturhúss S. P. á Hvammstanga og væru þau þar í geymslu. Þórður hafði fyrir rúmu ári selt Ólafi Ingimundarsyni, starfsmanni Sláturfélags Suðurlands, leirljósan hest, og hafði Ólafur hringt í hann daginn áður og verið að spyrja hann um, hvort leirljósi hesturinn hefði verið markaður. Hefði Ólafur tjáð honum, að hesturinn hefði horfið úr girðingu að Hvítanesi í Kjósarsýslu aðfaranótt fimmtudagsins og komið hefði í ljós, að þrjú göt hefðu verið á girðingunni sitt hvorum megin við hliðið niður við sjó. Fékk Þórður svo að líta á hestana, sem þá, sunnudaginn 11. nóvember, voru úti í haga að Skarfhóli. Þórður þekkti þegar meðal hestanna leirljósa hestinn, sem hann hafði selt Ólafi.

Ákærðu voru teknir fyrir aftur af rannsóknarlögreglunni í Kjósarsýslu og viðurkenndu eftir talsverð undanbrögð að hafa tekið hestana ófrjálsri hendi.

Hafði það atvikast svo, að þetta haust hafði fyrrnefndur Jónas Vigfússon, sem hafði hesthús með ákærða, beðið hann að fara fyrir sig norður að Höskuldsstöðum í Eyjafirði og Selsnesi á Skaga að sækja þrjú hross. Bifreið ákærða var um þetta leyti biluð, og átti hann í nokkrum erfiðleikum með að koma henni í lag.

Miðvikudaginn 6. nóvember hafði hann komið bifreiðinni í lag, og var þá ákveðið að fara norður. Þennan dag hittust ákærðu og ræddu norðurferðina og komu sér þá saman um að taka svo marga hesta sem þeir kæmu í bifreiðina og hafa með sér norður í land og selja þar. Vissu þeir, að á Vatnsendahæð var töluvert hestastóð, og fóru þeir fyrir kvöldmat þennan dag og athuguðu aðstæður og sáu þar hesta bæði utan og innan girðingar. Seinna um kvöldið fóru þeir svo aftur að sama stað, og tókst meðákærða þar að handsama tvo hesta, steingráan hest og annan jarpstjörnóttan. Beislaði meðákærði þá, en þeir lögðu svo girðinguna niður og hjálpuðust við að setja þá inn í bifreiðina. Þeir reyndu að ná þarna fleiri hestum, en náðu ekki. Eftir það ók ákærði bifreiðinni áleiðis norður. Í girðingu í Hvítanesi í Kjós sáu

þeir marga hesta, og stöðvaði ákærði þar bifreiðina, og ákváðu þeir að taka þar fleiri hesta. Klipptu þeir fyrst girðingu, og eftir það fór meðákærði að reyna að ná hestum og náði að handsama og koma beisli á leirljósan fola. Klipptu þeir sundur girðinguna á tveim stöðum öðrum til að koma folanum út og setja í bifreiðina. Þeir reyndu að ná fleiri hrossum, en stygð var komin á þau, og tókst þeim það ekki. Þeir héldu svo áfram og reyndu tvívegis aftur á leiðinni að ná hrossum, í annað skiptið skammt frá Hafnarfjalli, en í hitt nærri Svignaskarði, en tókst ekki. Ekið var svo áfram án teljandi viðstöðu að Hvammstanga, þar sem þeir seldu hrossin í sláturhúsið þar fyrir kr. 45.000, sem þeir skiptu á milli sín.

Hestana, sem ákærðu tóku úr stöðinu á Vatnsendahæð, veturgamla steingráa meri og jarpstjörnóttan, 2 vetra gamlan hest, áttu Pétur Hjaltsted, Vatnsenda, og Pétur Sveinsson, Snælandi, Kópavogi, en leirljósa graðhestinn, sem þeir tóku úr girðingu að Hvítanesi í Kjós, átti Ólafur Ingimundarson, og var hann 3ja vetra.

C. Niðurstöður.

Ljóst er, að ákærðu hafa framið verknaði þá, sem lýst er hér að framan. Ákærði Kristinn er einn að verki í tilvikum þeim, sem greinir í A. Ákærðu eru ákærðir saman fyrir alla aðra verknaði og þeir greindir í lið B. Ósannað verður þó að telja, að ákærði Kristinn hafi átt þátt í þjófnaði á startara úr Deutz vél og á startkapli og hátalara úr grjótlutningabifreið á athafnasvæði Sverris Runólfssonar í Kjós 1. nóv. 1974, og ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið. Þá verður og talið ósannað, að ákærði Kristinn hafi átt þátt í að taka muni þá, sem greinir í B II, 6 a og 7. Hins vegar verður að telja, að með hagnýtingu sinni á þessum stolnu hlutum hafi hann gerst sekur um eftirfarandi hlutdeild.

Með verknuðum þeim, sem greinir í A lið I og III, hefur ákærði gerst sekur um brot á 244. gr. alm. hegningarlaga, en við 1. mgr. 247. gr. sömu laga með atferli því, sem lýst er í A II. Meðákærði hefur gerst brotlegur við 244. gr. sömu laga með verknaði í B II 6 b, 2 og 7, en ákærði við 254. gr. sömu laga með verknuðum, sem lýst er í B II 6 a og B II 7.

Með öðrum verknuðum, sem lýst er hér að framan og ákærðu voru saman í, hafa þeir gerst brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega metin þannig:

Ákærði Kristinn Marínó Gunnarsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson sæti fangelsi í 19 mánuði.

Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 12. nóvember til 12. des. 1974 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Skadabótakröfur.

Eftirtaldar kröfur til bóta hafa verið gerðar í málinu:

1. Hjalti Sigurbjörnsson, Kiðafelli í Kjós, vegna töku á brúnni þriggja vetra kynbótahryssu kr. 90.000
 2. Garðar Ólafsson, Barðaströnd 18, Seltjarnarnesi, vegna töku á átta vetra brúnstjörnöttum reiðhesti — 85.000
 3. Guðjón Jónsson, Laugalæk 34, Reykjavík, vegna 2ja hnakka, sem hann keypti af ákærðu, en varð að skila — a) andvirði kr. 15.000 b) viðgerð kr. 3.000 — 18.000
 4. Vífilsstaðabúið, Garðahreppi,
 - A. 1 stk. startari skv. meðfylgjandi nótu kr. 32.885
 - B. Bætur vegna afnotamissis landbúnaðartækis í tvo mánuði miðað við kr. 1.000 á dag — 50.000 — 82.885
- _____
- auk 13% vaxta frá 4. sept. 1974 til greiðsludags.
5. Vegagerð ríkisins,
 - 2 rafgeymar, hálfvirði nýrra kr. 14.840
 - Vinna við ísetningu o. fl. — 5.003
 - Akstur — 2.294 — 22.137
- _____
6. Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík vegna 2ja trippa — 70.000
 7. Sigurður Pálmason h/f, Hvammstanga,
 1. Andvirði 3ja hesta kr. 45.000
 2. Kostn. vegna umhirðu, gæslu og haga-göngu, auk þeirra 13% ársvaxta frá 6/11 1974 — 20.000 — 65.000
- _____
8. Gísli Andrésson, Hálsi, Kjósarsýslu, vegna viðgerðar á girðingu að Hvítanesi, Kjósarhreppi — 5.000

Ákærðu hafa fallist á kröfur í lið 3 a, 4 A, 5, 7, 1 og 8, og þykir mega taka þær til greina með framkomnum vaxtakröfum, þó frá 6. nóvember 1974 að því er varðar kröfu í lið 7.

Hluta af kröfu í 3 a ber að dæma ákærða Kristin til að greiða einan, þ. e. kr. 12.000, en kr. 3.000 greiði ákærðu saman.

Sigurður Pálmason h/f hefur fallið frá kröfulið 7, 2.

Aðrar kröfur og kröfuliðir eru of óljósir og ekki studdir nægum gögnum, og mun valda verulegum töfum og óhagræði í málinu að fá þær frekar skýrðar, og ber því með vísun í 3. mgr. 146. gr. að vísa þeim frá dómi.

Löghald, sem gert var af sýslumanni Kjörsarsýslu í bifreiðinni G 8691, þykir mega staðfesta.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, hæstaréttarlögmans Kristjáns Eiríkssonar, sem ákveðast kr. 45.000.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kristinn Marinó Gunnarsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson sæti fangelsi í 19 mánuði.

Til frádráttar refsingum þeirra komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist þeirra frá 12. nóvember til 12. desember 1974.

Ákærði Kristinn Marinó greiði Guðjóni Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík, kr. 12.000.

Ákærðu greiði báðir óskipt saman Guðjóni Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík, kr. 3.000, Vífilsstaðabúinu, Garðahreppi, kr. 32.885 auk 13% ársvaxta frá 4. september 1974 til greiðsludags, Vegagerð ríkisins kr. 22.137, Sigurði Pálmasyni h/f, Hvammstanga, kr. 45.000 auk 13% ársvaxta frá 6. nóv. 1974 og Gísla Andrésyni, Hálsi, Kjörsarsýslu, kr. 5.000.

Löghald í bifreiðinni G 8691 staðfestist.

Ákærðu greiði óskipt saman allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmans Kristjáns Eiríkssonar, kr. 45.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.